

Þriðjudaginn 17. nóvember 1987.

Nr. 314/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Svani Elí Eliassyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1987 sem barst 9. s.m.

Varnaraðili krefst þess að gæsluvarðhaldstími verði stytur í 30 daga. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1987.

Ár 1987, sunnudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Svani Elí Eliassyni, til heimilis að Skipholti 40 hér í borg, fæddum 16.01.1959 í Bolungarvík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi, allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og að kærða verði gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Málavextir.

Kærði Svanur Elí Eliasson tilkynnti RLR símleiðis kl. 18:00 í gær að hann hefði drepið mann í íbúð við Skipholt 40. Er lögreglan kom á staðinn

lái maður látinn í herbergi á 2. hæð hússins, sem samkvæmt skilríkjum reyndist vera Jóhannes Halldór Pétursson, fæddur 14.09. 1946.

Kærði bar í skýrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa hitt manninn á skemmtistaðnum Skálafelli eða Ölver aðfaranótt laugardagsins. Þeir hafi ræðst þar við, en eftir lok (sic) staðarins hafi þeir farið að Skipholti 40, þar sem kærði hefur herbergi, og setið þar við áfengisneyslu og rætt málin. Þeir hafi síðan lagst til svefns í sitthvort rúmið, alklaeddir. Kærði kveðst síðan hafa vaknað við það að Jóhannes hafi verið lagstur við hlið kærða, og verið að leita á hann kynferðislega. Kærði kveðst hafa verið því algjörlega mótfallinn, og orðið alveg brjáláður, og spyrnt mannum út á gólf, þar sem þeir hafi verið í átökum um langa hrið, sem hafi endað með því að kærði hafi hert hálsbindi Jóhannesar að hálsi hans. Hann hafi þá legið hreyfingarlaus á gólfinu og að því er kærða virtist meðvitundarlaus. Hann hafi þá lagt Jóhannes í rúmið og sjálfur farið að sofa. Kærði kveðst hafa ætlað að „svæfa“ Jóhannes með þessu, en ekki hafi verið ætlunin að drepa hann, en hann búist við að hann hafi hengt hann með þessu.

Er lögreglumenn komu á vettvang laust eftir kl. 18:00 í gær var veruleg stirðnun byrjuð í líkama hins látna, og á enni hins látna var skurður sem blætt hafði úr, og hálsbindi var hert um hálsinn.

Kærði kveðst hafa vaknað um morguninn og hafi honum verið verulega brugðið er hann komst að því að Jóhannes var dáinn, og hafi hann verið við áfengisneyslu frá því hann vaknaði, og þar til hann hringdi til RLR og tilkynnti um atburðinn.

Brot það er kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað fangelsisrefsingu skv. XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Með vísan til þess og hins alvarlega sakarefnis þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. og 4. t. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Þá skal kærði sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi á gæsluvarðhaldstímanum með vísan til 2. t. d-liðar 75. gr. laga nr. 74, 1974.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Svanur Elí Eliasson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00.

Kærði skal sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi á gæsluvarðhaldstímanum.